

### Ályktun um svæðisáætlun um sorp

67. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið 8.-10. september á Patreksfirði leggja til við Vestfjarðarstofu að vinna svæðisáætlun um sorp fyrir alla Vestfirði. Svæðisáætlun verði samræmd stefna sveitarfélaga á Vestfjörðum, unnin í takt við Earthcheck umhverfisvottunina og gildandi reglur. Svæðisáætlanir sveitarfélaga um meðhöndlun úrgangs hafa þann tilgang að skapa umgjörð utan um samtali og stærri ákvarðanir sveitarfélaga á viðkomandi svæðum um úrgangsforvarnir og um söfnun og aðra meðhöndlun úrgangs. Með sameiginlegri sorpáætlun setja sveitarfélög sér metnaðarfull markmið um endurvinnslu, endurnýtingu og minni urðun. Aðgerðir að markmiðum verða skýrari og fræðsla til íbúa verður samstillt milli sveitarfélaga. Heildarstefna fyrir svæðið veitir aðhald og er upplýsandi. Hún er lýsandi fyrir stöðuna eins og hún er núna og skilgreinir markmið með tímaáætlun og ábyrgðarskiptingu.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 55/2003 skal sveitarstjórn, ein eða fleiri í sameiningu, semja og staðfesta svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs sem gildir fyrir viðkomandi svæði til tólf ára í senn. Samkvæmt breytingu á þessari sömu lagagrein, sem kemur til framkvæmda 1. janúar 2023, skal Umhverfisstofnun hafa eftirlit með því að sveitarstjórnir gefi út svæðisáætlanir og sendi umhverfisráðuneytinu ábendingu ef „sveitarstjórn gefur ekki út svæðisáætlun eða svæðisáætlun er ekki í samræmi við lög og reglur.“

Í svæðisáætlun þarf að koma fram greining á stöðunni eins og hún er í dag, markmið og aðgerðir til að ná markmiðum, úrgangsforvarnir, endurvinnsla og endurnýting. Helstu áskoranir sveitarfélaganna eru innleiðing á nýjum reglum og að breyta viðhorfi fólks til úrgangsmála. Sveitarfélög gegna veigamiklu hlutverki þegar kemur að úrgangsstjórnun og innleiðingu hringrásarhagkerfis. Umfangsmiklar lagabreytingar voru samþykktar á alþingi í júní 2021 um flokkun og endurvinnslu, hollustuhætti, mengunarvarnir, úrvinnslugjald og fleira. Þessar breytingar koma flestar til framkvæmda 1. janúar 2023 og er ætlað að skapa skilyrði fyrir myndun hringrásarhagkerfis svo stuðla megi að sjálfbærri auðlindanotkun og draga úr myndun úrgangs.

Flutningsmenn: Nanný Arna Guðmundsdóttir Ísafjarðarbæ og Ólafur Þór Ólafsson  
Tálknafjarðarhrepp